

Nd.

581. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um veitingasölu, gistihúshald o. fl., nr. 21 frá 15. júní 1926.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Það er brot á lögum þessum, að farþegar á millilandaskipum hafi nætur-
gistingu á skipsfjöl eða að þeim sé þar veittur matur eða drykkur á höfnum, þar
sem þau snúa við í hverri ferð, enda sé gistihús á staðnum, er geti tekið við
farþegum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1932.

Greinargerð.

Það hefir nokkuð tíðkagt að undanfögnu, að farþegar á erlendum milli-
landaskipum hafa búið í skipunum á meðan þau hafa dvalið hér í höfn, enda
þótt kostur hafi verið gistingar á fullkomnu gistihúsi í landi. Hefir jafnvel eitt
af gufuskipafélögunum auglýst þetta í leiðarvísi á ensku, sem það hefir gefið út
um ferðalög hingað til lands. Þar sem þetta mun óviða tíðkast, og hér er um
óeðlilega samkeppni við gistihús hér að ræða, þykir rétt að banna þetta með
lögum.